



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

# Ákvörðun PFS nr. 24/2013

### um breytingar á viðmiðunartilboðum Símans um endursöluaðgang að talsímaneti og um samtengingu talsímaneta (Markaðir 2 og 3)

#### I

##### *Inngangur*

Í máli þessu er fjallað um tiltekna breytingar sem Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hyggst mæla fyrir um á viðmiðunartilboði Símans um endursöluaðgang að talsímaneti annars vegar og viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta hins vegar. Frumkvæði að breytingunum kemur ýmist frá Símanum sjálfum, öðrum markaðsaðilum eða PFS.

#### II

##### *Málavextir*

### **2.1 Tilkynning Símans um uppfært viðmiðunartilboð um samtengingu talsímaneta**

Með tölvupósti, dags. 27. júní sl., barst PFS tilkynning frá Símanum um drög að uppfærðum viðmiðunartilboðum um endursöluaðgang að talsímaneti annars vegar og um samtengingu talsímaneta (RIO) hins vegar. Fram kom að miðað væri við að hin uppfærðu viðmiðunartilboð tækju gildi þann 1. september 2013 og myndi Síminn senda tilkynningu til viðsemjenda þar að lútandi, með fyrirvara um samþykki PFS.

Annars vegar óskaði Síminn eftir samþykki PFS fyrir breytingu á ákvæðum viðmiðunartilboðanna er fjalla um riftun sem vanefndarúrræði. Nánar tiltekið að vanskil yrðu ávallt talin veruleg ef þau hefðu staðið yfir í meira en einn mánuð í stað þriggja eins og núgildandi ákvæði kvæði á um. Hins vegar óskaði Síminn eftir tilteknum breytingum á viðaukum 1 í umræddum viðmiðunartilboðum er fjalla um verð að því er varðar þjónustuflokkinn „Fast forval – einn reikningur (FFER)“. Væru þær tilkomnar vegna

hækkunar á heimtaugarleigugjaldskrá Mílu sem áformað væri að tækju gildi þann 1. ágúst 2013. Auk þess skyldi veittur tiltekinn afsláttur af mánaðargjaldinu miðað við fjölda tenginga.

## **2.2 Innanlandssamráð PFS**

Þann 28. júní sl. efndi PFS til innanlandssamráðs um ofangreinda beiðni Símans og stóð það til 16. ágúst sl. Auk ofangreindra tillagna Símans lagði PFS til þá breytingu á viðmiðunartilboði um endursöluaðgang að bætt yrði við ákvæði um „Breytingar á samningi“ sem yrði samhljóða ákvæði 1.4 í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta. Þar væri kveðið á um að nýtt viðmiðunartilboð skyldi birt til kynningar og sent PFS að minnsta kosti 3 mánuðum fyrir gildistöku þess. Þá kom fram að PFS hygðist mæla fyrir um að breytingarnar tækju gildi 1. október 2013 en ekki 1. september eins og Síminn hefði lagt til.

Ennfremur kom fram að þar sem viðmiðunartilboð Símans um endursöluaðgang hefði ekki farið í samráð áður gæfist hagsmunadílum kostur á að gera athugasemdir við öll þau atriði sem þeir teldu að betur mættu fara, án tillits til þess hvort Síminn og/eða PFS hefðu gert athugasemdir við þau. Undanþegið samráðinu væri þó viðauki 1 (Verðskrá) í viðmiðunartilboði um endursöluaðgang. Ástæða þess væri að Síminn teldi að umræddur kafli ætti að njóta trúnaðar vegna viðkvæmra viðskiptahagsmuna. PFS væri þessu ósammála og hefði í hyggju að mæla svo fyrir í endanlegri ákvörðun í máli þessu að Símanum bæri að birta umræddan verðskrárkafla.

## **2.3 Athugasemdir Símans í kjölfar innanlandssamráðs**

Með bréfi, dags. 16. ágúst sl., bárust athugasemdir frá Símanum hf. í kjölfar framangreinds innanlandssamráðs. Fram kom að í tilkynningu um innanlandssamráð hefði PFS getið þess að stofnunin myndi gera þá kröfu að viðauki um verð vegna endursöluaðgangs að talsímaneti Símans yrði birtur opinberlega. Síminn teldi ekki tilefni til þess að gera athugasemdir við önnur atriði í tilkynningu PFS. Síminn gerði þá kröfu að viðauki A (Verðskrá) í umræddu viðmiðunartilboði yrði flokkaður sem trúnaðarupplýsingar í heild og þar með undanþeginn birtingu í samræmi við 1. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga.

## **2.4 Athugasemdir Tals í kjölfar innanlandssamráðs**

Með bréfi, dags. 16. ágúst sl., bárust athugasemdir frá IP-fjarskiptum ehf. (Tal) í kjölfar framangreinds innanlandssamráðs. Tal mótmælti fyrirhugaðri hækkun á verðskrá Símans en var fylgjandi auknum magnafslætti. Tal gerði alvarlegar athugasemdir við það að Síminn legði ekki fram verðskrá með viðmiðunartilboði um endursöluaðgang og lagðist gegn því að heimila Símanum að breyta ákvæðum viðmiðunartilboðanna um riftun sem vanefndarúrræði. Ennfremur taldi Tal óeðlilegt að heimild til að krefjast breytinga á samningnum væri eingöngu hjá Símanum í viðmiðunartilboði um endursöluaðgang, en studdi þá breytingu sem PFS legði til um að bætt yrði við ákvæði um 3ja mánaða tilkynningarfrest til PFS varðandi breytingar á viðmiðunartilboði. Að lokum studdi Tal

fyrirhuguð fyrirmæli PFS um að breytingarnar tækju gildi 1. október 2013 í stað 1. september.

## **2.5 Athugasemdir Vodafone í kjölfar innanlandssamráðs**

Með bréfi, dags. 16. ágúst sl., bárust athugasemdir frá Fjarskiptum hf. (Vodafone) í kjölfar framangreinds innanlandssamráðs. Vodafone lagðist gegn breytingu á ákvæði um riftun sem vanefndarrúrræði og krafðist þess að Síminn birti verðskrá með viðmiðunartilboði um endursöluaðgang. Í samræmi við úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 6/2012 væri lúkningarverð frá og með 1. júlí 2013 4 kr./mín. en ekki 1,66 kr./mín. Þessu þyrfti að breyta í viðmiðunartilboðunum. Þá taldi Vodafone að verð Símans fyrir FFER þjónustu væru of há miðað við smásöluverð félagsins. Mikilvægt væri að leysa það verð frá portagjaldi Símans fyrir POTS port í sírstöð, þannig að fjarskiptafélög gætu keypt heimtaug í heildsölu af Mílu og port í heildsölu af Símanum. Þá setti Vodafone sig upp á móti þeim magnafsláttum sem Síminn hygðist veita. Vodafone taldi enn fremur að Símanum væri ekki stætt á að innheimta gjöld fyrir áframtingingar í 118, auk þess sem Síminn ætti ekki að innheimta lúkningarverð fyrir símtöl í 118 heldur umflutningsverð.

## **2.6 Athugasemdir Símans við umsagnir Vodafone og Tals**

Með bréfi, dags. 3. september sl., bárust athugasemdir Símans við athugasemdir Vodafone og Tals. Fram kom að Síminn hefði í júní sl. sent beiðni til PFS um hækkun á mánaðargjaldi fyrir aðgang að sírstöð í kjölfar þess að Míla hefði tilkynnt um fyrirhugaða hækkun á heimtaugum, sbr. ákvörðun PFS nr. 15/2013. Samhliða breytingum á mánaðargjaldi hefði afsláttartöflu verið breytt, m.a. þannig að afsláttur félli til við færri tengingar en áður. Þá fylgdu með svari Símans nánari upplýsingar og rök fyrir forsendum og útreikningum umræddrar afsláttartöflu eins og PFS hafði óskað eftir.

Síminn mótmælti þeirri afstöðu sem Vodafone og Tal höfðu gagnvart fyrirhugaðri breytingu á vanefndarákvæðinu og rökstuddi nánar sjónarmið félagsins. Síminn myndi breyta ákvæðum viðmiðunartilboðanna um verð fyrir lúkningu í farsíma til samræmis við úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála frá 30. júní sl. Þá vísaði Síminn til fyrri athugasemda sinna þar sem reifuð hefðu verið sjónarmið um trúnað vegna verðskrár fyrir endursölu. Varðandi umfjöllun um verðlagningu Símans og línugjald Símans þá væru upplýsingar Vodafone að hluta til úreldar.

Síminn taldi ekki ástæðu til þess að fara yfir önnur atriði í athugasemdum Vodafone og Tals að svo stöddu þar sem þau beindust ekki að þeim breytingum sem Síminn hefði óskað eftir að gera. Félagið áskildi sér þó rétt til að tjá sig um þau atriði síðar ef PFS ákvæði að taka þau til skoðunar í máli þessu.

## **2.7 Frekari athugasemdir Símans við umsagnir Vodafone og Tals**

Með bréfi, dags. 19. september sl., bárust frekari athugasemdir Símans við athugasemdum Vodafone og Tals. PFS hafði gefið félaginu færi á að tjá sig um þau atriði

í umsögnum Vodafone og Tals sem Síminn hafði ekki tjáð sig um í svari félagsins frá 3. september sl.

Varðandi þá kröfu Tals að Tal gæti einhliða breytt skilmálum samnings þá mótmælti Síminn því alfarið að slík krafa yrði samþykkt. Síminn teldi rétt að benda á að línugjald Símans væri nú 1.690 kr. en ekki 1.590 kr. eins og Vodafone héldi fram, auk þess að færa rök fyrir því að FFER verð væru ekki óeðlilega há miðað við smásöluverðskrá Símans. Hvað kröfu Vodafone vegna 118 verðlagningar varðaði þá teldi Síminn ekki ástæðu til þess að breyta því með nokkrum hætti. Þá mótmælti Síminn kröfu Vodafone um að félaginu yrði gert að aðskilja POTS og heimaugagjald í verðskrá.

## **2.8 Álit Eftirlitsstofnunar EFTA**

Þann 26. september 2013 sendi PFS drög að ákvörðun til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Með bréfi, dags. 28. október sl., barst álit ESA. ESA heimilaði PFS að taka umrædda ákvörðun en gerði þó þrjár athugasemdir við drögin.

Í fyrsta lagi hvatti ESA PFS til að taka skýrt fram í endanlegri ákvörðun hvaða regla skyldi gilda um endurskoðun heildsölugjaldskrár Símans og hvernig hún tryggði jafnvægi við endurheimt kostnaðar og stuðlaði að skýrri, gagnsærri og fyrirsjáanlegri skipan. Sú framkvæmd PFS, að kveða ekki skýrt á um reglubundna endurskoðun kostnaðargreininga Símans, gæti haft neikvæð áhrif á samkeppni, fjárfestingar og nýsköpun, en fyrirsjáanleiki varðandi slíkar endurskoðanir væru mjög mikilvægar fyrir framangreinda þætti.

Í öðru lagi tók ESA fram að í tengslum við fyrirhugaða yfirferð PFS á kostnaðargreiningu heildsöluverða fyrir forval og FFER á fyrri helmingi ársins 2014, skyldi PFS útfæra með skýrum hætti sérhvert skref viðkomandi kostnaðargreiningaraðferðar og undirliggjandi meginreglur til að tryggja gagnsæi og fyrirsjáanleika gagnvart öðrum markaðsaðilum. Þar sem kostnaðargreiningaraðferðinni væri ekki lýst með nákvæmum hætti í ákvörðunardrögunum, áskildi ESA sér rétt til að rannsaka hana með nákvæmari hætti í tengslum við hina fyrirhuguðu ákvörðun um kostnaðargreiningu heildsöluverða Símans.

Að lokum minnti ESA PFS á skyldur stofnunarinnar samkvæmt 8. gr. rammatilskipunar ESB, í tengslum við það mat PFS að ekki væri nauðsynlegt í máli þessu að skoða verðmun á milli heildsölu- og smásöluverða Símans. Í umræddu ákvæði kæmi fram að fjarskiptaeftirlitsstofnanir skyldu stuðla að aukinni samkeppni og tryggja að ekki væru fyrir hendi neinar takmarkanir eða skerðingar á samkeppni á sviði fjarskipta. Þar sem viðkomandi heildsölumarkaður innihéldi aðföng sem ætlað væri að stuðla að samkeppni á tengdum smásölumörkuðum, skoraði ESA á stofnunina að fylgjast náið með samspili viðkomandi heildsölumarkaðar og viðkomandi smásölumarkaða, með það fyrir augum stuðla að virkri samkeppni og tryggja að það væri nægjanlegt verðbil á milli hinna hækkuðu heildsöluverða og tengdra smásöluverða.

### III

#### Ákvörðun PFS nr. 36/2012

#### 3.1 Almennt

Með ákvörðun PFS nr. 36/2012, frá 14. desember 2012, var Síminn útnefndur með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumörkuðum fyrir upphaf og lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum (markaðir 2 og 3), ásamt því sem viðeigandi kvaðir voru lagðar á félagið. Hér að neðan verður gerð grein fyrir helstu kvöðum sem lagðar voru á Símann og tengjast því máli því sem hér er til úrlausnar, þ.e. aðgangskvöð, gagnsæiskvöð, jafnræðiskvöð og kvöð um eftirlit með gjaldskrá.

#### 3.2 Aðgangskvöð

Með heimild í 28. gr. fjarskiptalaga lagði PFS þá kvöð á Símann að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að neti og þjónustu fyrir upphaf símtala í fastaneti á heildsölustigi. Sérstaklega var tekið fram að kvöðin næði ennfremur til endursöluaðgangs, væri eftirspurn eftir slíku aðgangsformi. Fram kom að PFS teldi mikilvægt vegna smæðar íslenska talsímamarkaðarins að Síminn byði upp á endursöluaðgang til aðila sem ekki byggju yfir neinum innviðum talsímakerfis eða aðgang til aðila sem byggju yfir takmörkuðum innviðum, auk hefðbundinna samtenginga.

#### 3.3 Jafnræðiskvöð

Með heimild í 30. gr. fjarskiptalaga lagði PFS þá kvöð á Símann að gæta jafnræðis bæði hvað varðar verð og aðra þætti, bæði gagnvart ytri starfsemi og á milli innri starfsemi og ytri starfsemi. Jafnræðiskvöðin skyldi gilda gagnvart samtengingu, sem og endursöluaðgangi að talsímakerfi Símans.

#### 3.4 Gagnsæiskvöð

Með heimild í 29. gr. fjarskiptalaga lagði PFS kvöð á Símann um gagnsæi og birtingu viðmiðunartilboðs um samtengingu talsímaneta, skilmála og skilyrði fyrir afhendingu og notkun, ásamt verðskrár fyrir heildsölu talsímaþjónustu. Fram kom að ef viðmiðunartilboð væri gefið út hefðu allir aðilar á markaði möguleika á að kynna sér það sem í boði væri og það tryggði að fyrirtæki neyddust ekki til þess að greiða fyrir þjónustu og aðbúnað sem þau hefðu ekki þörf fyrir. Síminn væri ennfremur skyldugur til þess að tilkynna PFS um allar breytingar á viðkomandi samningum eða viðmiðunartilboðum. Breytingar á viðmiðunartilboðum tækju ekki gildi fyrir en þær hefðu hlotið samþykki PFS.

Viðmiðunartilboð um upphaf símtala mætti fella inn í sama tilboð og um aðgang í formi lúkningar símtala og aðra þjónustu í fastlínukerfi, sbr. gildandi viðmiðunartilboð um samtengingu talsímaneta (RIO). Gerði Síminn samning við fjarskiptafyrirtæki um aðgang að fastaneti sínu, þ.m.t. endursöluaðgang, skyldi Síminn birta sambærilegt viðmiðunartilboð um slíkan aðgang eigi síðar en 3 mánuðum eftir undirritun samnings. Samkvæmt 2. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga væri PFS heimilt að mæla fyrir um breytingar á

slíku viðmiðunartilboði ef það er ekki fullnægjandi fyrir markaðinn að mati stofnunarinnar.

Í kafla 2.3 í ofangreindri ákvörðun er upptalning á atriðum sem fram skulu koma í viðmiðunartilboðum Símans á sviði talsímaþjónustu, þ.m.t. viðmiðunartilboði um endursöluaðgang að talsímaneti. Þar kemur m.a. fram að þar skuli birta upplýsingar um verð og afslætti.

Þá kom fram að Símanum bæri að tilkynna öðrum fyrirtækjum fyrirfram um allar breytingar á viðmiðunartilboði með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Þó væri heimilt að tilkynna um breytingar á verði eigi síðar en tveimur mánuðum áður en breytingarnar kæmu til framkvæmda.

### **3.5 Kvöð um eftirlit með gjaldskrá**

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga lagði PFS kvöð á Símann um kostnaðarviðmiðun gjaldskrár. Hámarksverð fyrir upphaf símtala yrði ákvarðað með árlegum verðsamanburði samkvæmt heimild í 4. mgr. 32. gr. fjarskiptalaga. Við val á sambærilegum samkeppnismörkuðum myndi PFS miða við fjarskiptamarkaði á EES-svæðinu í samræmi við nánar tilgreinda aðferðafræði. Kostnaðargreind verð Símans myndu gilda áfram þar til fyrsti verðsamanburðurinn hefði farið fram.

## **IV**

### *Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar*

#### **4.1 Ákvæði í viðmiðunartilboðunum um breytingar á þeim**

##### 4.1.1 Inngangur

Í framangreindu innanlandssamráði lagði PFS til þá breytingu á viðmiðunartilboði Símans um endursöluaðgang að bætt yrði við ákvæði um „Breytingar á samningi“ sem yrði samhljóða ákvæði 1.4 í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta. Þar væri kveðið á um að nýtt viðmiðunartilboð skyldi birt til kynningar og sent PFS að minnsta kosti 3 mánuðum fyrir gildistöku þess.

##### 4.1.2 Athugasemdir Tals í kjölfar innanlandssamráðs

Í athugasemdum Tals er bárust í kjölfar innanlandssamráðs studdi félagið þá breytingu sem PFS legði til hér að ofan.

##### 4.1.3 Niðurstaða PFS

Síminn hefur ekki gert athugasemdir við framangreind áform PFS. Síminn skal því bæta við ákvæði í viðmiðunartilboð félagsins um endursöluaðgang að talsímaneti ákvæði sambærilegt því sem fram kemur í ákvæði 1.4 í viðmiðunartilboði félagsins um samtengingu talsímaneta, þar sem kveðið skal á um að nýtt viðmiðunartilboð eða

breytingar á því skuli birt til kynningar og sent PFS að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku.

Eins og fram kemur í kafla 3.4 hér að framan gerir gagnsæiskvöð sú sem PFS lagði á Símann með ákvörðun nr. 36/2012 (markaðir 2 og 3) ráð fyrir að Símanum beri að tilkynna öðrum fjarskiptafyrirtækjum fyrirfram um allar breytingar á viðmiðunartilboði með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Þó væri heimilt að tilkynna um breytingar á verði eigi síðar en tveimur mánuðum áður en breytingarnar kæmu til framkvæmda.

Að ofangreindu virtu skal Síminn ennfremur breyta ákvæði 1.4 í viðmiðunartilboði félagsins um samtengingu talsímaneta þannig að það endurspegli ofangreindan mun á tilkynningum um breytingar á almennum skilmálum, sem skal vera 3 mánuðir, og tilkynningar um breytingar á verðum, sem skal vera 2 mánuðir. Hið nýja ákvæði viðmiðunartilboðsins um endursölu skal svo taka mið af þessu ákvæði.

## **4.2 Endurskoðun á viðmiðunartilboði um endursöluáðgang að talsímaneti**

### 4.2.1 Athugasemdir Tals í kjölfar innanlandssamráðs

Í athugasemdum Tals í kjölfar innanlandssamráðs gerði félagið athugasemd við ákvæði 3.7 í viðmiðunartilboði um endursöluáðgang. Tal taldi óeðlilegt að heimildir til að krefjast breytinga á samningnum væru eingöngu hjá Símanum. Um gagnkvæma heimild ætti að vera að ræða eins og gert væri ráð fyrir í ákvæði 12 í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta (RIO). Tal færi fram á að þessu yrði breytt til samræmis.

### 4.2.2 Athugasemdir Símans við umsögn Tals

Síminn mótmælti alfarið þeirri kröfu Tals að Tal gæti einhliða breytt skilmálum samnings/viðmiðunartilboðs. Breytingar á viðmiðunartilboðum Símans og þar með samningum Símans við viðkomandi félög væru háðar samþykki PFS og færu í gegnum ítarlega rýni, auk þess sem viðeigandi félög fengju tækifæri til þess að tjá sig um breytingarnar. Það væri fráleit framkvæmd ef þjónustukaupandi gæti breytt einhliða samningsskilmálum þjónustuveitanda. Skilmálarnir giltu um þjónustu sem Síminn veitti aðgang að og bæri ábyrgð á. Ákvarðanir PFS væru stjórnvaldsákvarðanir og því gæti málsaðili óskað eftir endurupptöku eða endurskoðun slíkra ákvarðana. Því hefði Tal úrræði til þess að óska eftir breytingum á þeim ákvörðunum sem PFS hefði tekið. Einnig væri hægt að koma að andmælum þegar breytingar færu í gegnum rýni PFS. Það að veita þjónustukaupanda rétt til þess að breyta einhliða skilmálum Símans stæðist hvorki grundvallarreglur samningaréttar, né heldur væri slík krafa í samræmi við ákvæði fjarskiptalaga. Síminn þekkti engin dæmi um að þjónustukaupandi gæti einhliða breytt skilmálum um aðgang.

### 4.2.3 Niðurstaða PFS

Eftirfarandi ákvæði, sem ber yfirskriftina „Breytingar á samningnum“, er að finna í ákvæði 3.7 í viðmiðunartilboði Símans um endursöluáðgang að talsímanetum félagsins:

„Síminn hefur rétt til að krefjast endurskoðunar á samningnum ef forsendur hafa breyst verulega eða lögum hefur verið breytt með þeim hætti að samningurinn uppfylli ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í lögum.“

Eftirfarandi ákvæði, sem einnig ber yfirskriftina „Breytingar á samningnum“ er að finna í ákvæði 12 í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta:

„Hvor samningsaðili hefur rétt til að krefjast endurskoðunar á samningnum ef forsendur hafa breyst verulega eða lögum hefur verið breytt með þeim hætti að samningurinn uppfylli ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í lögum.“

PFS telur að Síminn misskilji ofangreinda athugasemd Tals. Tal fer ekki fram á að hafa heimild til að breyta viðmiðunartilboði um endursöluaðgang að talsímaneti Símans einhliða. Það er rétt hjá Símanum að breytingar á viðmiðunartilboði öðlast ekki gildi fyrr en PFS hefur samþykkt þær. Frumkvæði að slíkum breytingum getur komið frá Símanum, öðrum markaðsaðilum eða PFS. PFS telur því eðlilegt að fallast á kröfu Tals og mælir því fyrir um að Síminn breyti ákvæði 3.7 í viðmiðunartilboði um endursöluaðgang að talsímaneti Símans til samræmis við ákvæði 12 í viðmiðunartilboði um samtengingu talsímaneta.

### **4.3 Veruleg vanskil**

#### 4.3.1 Inngangur

Síminn óskaði eftir samþykki PFS fyrir breytingu á ákvæðum 6.2.1 í viðmiðunartilboði um endursöluaðgang að talsímaneti og 6.1.1 í viðmiðunartilboði um samtengingu talsímaneta er fjalla um riftun sem vanefndarúrræði. Nánar tiltekið að vanskil yrðu ávallt talin veruleg ef þau hefðu staðið yfir í meira en einn mánuð í stað þriggja eins og núgildandi ákvæði kveða á um. Ástæða þess að Síminn vildi stytta umræddan tíma væri sú að sumir viðsemjenda Símans hefðu í miklum mæli nýtt sér þetta ákvæði með því að fullnýta frestinn áður en greitt væri og þannig látið Símann fjármagna eigin rekstur. Fyrir þá aðila sem ávallt stæðu í skilum hefði þessi breyting engin áhrif. Síminn teldi það óeðlilegt að fyrirtæki nýttu sér kvaðir á Símanum til að fjármagna eigin rekstur á kostnað Símans. Síminn teldi að þessi breyting myndi auka skilvirkni og draga úr kostnaði Símans við innheimtuaðgerðir, auk þess sem erlend fordæmi styddu þessa breytingu.

#### 4.3.2 Athugasemdir Tals í kjölfar innanlandssamráðs

Tal leggst gegn því að heimila Símanum að breyta ákvæðum viðmiðunartilboðanna um riftun. Veruleg vanefnd gæti ekki talist vanskil sem staðið hefðu einungis í einn mánuð. Slíkt væri mjög auðvelt að misnota og gæti valdið viðsemjendum Símans verulegum vandræðum og óöryggi.

#### 4.3.3 Athugasemdir Vodafone í kjölfar innanlandssamráðs

Vodafone tók fram að vanskil í einn mánuð teldust til almenns greiðsludráttar skv. skilgreiningu kröfuréttar og því væri það mat félagsins að það að fella slík vanskil undir veruleg vanskil væri mjög íþyngjandi. Vanskil sem þessi gætu komið upp t.d. vegna sumarfría starfsmanna eða einfaldlega vegna mistaka þeirra. Vodafone benti einnig á að



með því að setja fordæmi sem þetta myndu önnur fjarskiptafélög gera sömu kröfur og Síminn gagnvart sínum viðskiptavinum sem myndi hafa í för með sér að fjarskiptafélögum myndi vera þrengri stakkur sniðinn varðandi vanskil en félögum í öðrum þjónustugreinum.

#### 4.3.4 Athugasemdir Símans við umsagnir Tals og Vodafone

Síminn teldi að félögin, stæðu þau í skilum með greiðslur sínar, þyrftu ekki að hafa neinar áhyggjur af breytingunum. Jafnvel þótt sumarleyfi kæmu til hjá Vodafone þá myndi þetta ekki leiða til þess að félagið ætti ekki að hafa ráðrúm til þess að greiða reikninga félagsins. Síminn kannaðist ekki heldur við að sumarleyfi hjá starfsmönnum Vodafone hefðu valdið einhverjum vandamálum við greiðslu á reikningum. Eins og fyrirkomulagið væri í dag þá væri reikningur vegna notkunar í t.d. janúar með gjalddaga 20. febrúar og eindaga 2. mars. Viðkomandi fyrirtæki hefði innbyggðan 30 daga greiðslufrest á reikningum. Núverandi skilmálar leiddu til þess að fjarskiptafélag gæti fengið 90 daga greiðslufrest til viðbótar sem væri með öllu óásættanlegt. Í raun væri því um að ræða 120 daga greiðslufrest sem þyrfti að líða áður en Síminn gæti hafið eðlilegar innheimtuaðgerðir.

60 daga greiðslufrestur hlyti að teljast vel rúmur og drægi Síminn verulega í efa að fyrirtæki gæti ekki staðið við greiðslur 60 daga eftir útgáfu reiknings. Í öllu falli væri það óeðlilegt að Síminn þyrfti að fjármagna rekstur eða vanskil slíkra aðila. Reikningar væru sendir út mánaðarlega og því héldu rök Vodafone engan veginn. Innheimtuaðgerðir færu eftir fyrirfram ákveðnu verklagi og væri ekki gripið til aðgerða nema að undangengnum aðvörunum og ítrekunum. Með hliðsjón af fjárhæð mánaðarlegra viðskipta milli fjarskiptafyrirtækja gæti vart talist eðlilegt að Síminn tæki að sér að fjármagna lausafjárþörf samkeppnisaðila. [...]¹.

Varðandi fullyrðingu Vodafone um að 30 daga greiðsludráttur teldist almennur greiðsludráttur í skilningi kröfuréttar, en ekki veruleg vanefnd, þá væri það einfaldlega rangt. Mat á því hvort greiðsludráttur teldist veruleg vanefnd færi eftir mati á aðstæðum og þegar litið væri til þess hve mikið greiðsludráttur viðsemjenda Símans kostaði þá léki enginn vafi á því að greiðsludráttur sem væri meira en mánuður talið frá gjaldaga, væri verulegur. Því væri nauðsynlegt að takmarka greiðsludrátt við einn mánuð í stað þriggja mánaða. Síminn benti á grundvallarreglu samningaréttar um að aðilar ættu að standa við gerða samninga.

#### 4.3.5 Niðurstaða PFS

Með hliðsjón af framangreindum skýringum Símans verður að telja að þriggja mánaða greiðslufrestur, ofan á þann mánuð sem tilkominn er vegna þeirrar tilhögunar að eindagi er einum mánuði eftir að viðkomandi reikningsmánuði lýkur, sé full rúmur, bæði að því er varðar viðmiðunartilboð um endursöluáðgang að talsímaneti og viðmiðunartilboð um samtengingu talsímaneta.

---

¹ Fellt brott vegna trúnaðar.

Hins vegar telur PFS að stytting greiðslufrestsins úr þremur mánuðum í einn sé of viðurlutamikil breyting. PFS samþykkir því að stytta greiðslufrestinn úr þremur mánuðum í 2 mánuði. Hins vegar mun sú breyting ekki taka gildi fyrr en frá og með 1. janúar 2014 til að veita þeim fjarskiptafyrirtækjum sem fullnýta nú frestinn hæfilegan tíma til að fjármagna umrædda breytingu.

Ákvæði 6.2.1 í viðmiðunartilboði um endursöluáðgang að talsímaneti og 6.1.1 í viðmiðunartilboði um samtengingu talsímaneta skal því hljóða svo:

„Þrátt fyrir lið c) hér að framan þá teljast vanskil alltaf veruleg vanefnd ef þau hafa staðið í meira en 2 mánuði frá eindaga.“

#### **4.4 Verðhækkun í FFER**

##### 4.4.1 Inngangur

Síminn óskaði eftir tilteknum breytingum á viðaukum 1 í umræddum viðmiðunartilboðum er fjalla um verð að því er varðar þjónustuflokkinn „Fast forval – einn reikningur (FFER)“. Síminn sagði þær tilkomnar vegna hækkunar á heimtaugarleigugjaldskrá Mílu sem áformað væri að tæki gildi þann 1. ágúst 2013. Nánar tiltekið skyldi mánaðargjald fyrir aðgang að símsstöð (POTS pr. port í stöð) og neðra tíðnisviði heimtaugar nema kr. 1.477, mánaðargjald fyrir aðgang að símsstöð (ISDN grunntenging pr. port í stöð) og neðra tíðnisviði heimtaugar nema kr. 1.659 og mánaðargjald fyrir aðgang að símsstöð (ISDN stofntenging, 30 rásir, innan símsstöðvar) nema kr. 8.835.

##### 4.4.2 Athugasemdir Tals í kjölfar innanlandssamráðs

Tal mótmælti ofangreindri hækkun á verðskrá Símans og gerði þá kröfu að henni yrði hafnað.

##### 4.4.3 Athugasemdir Vodafone í kjölfar innanlandssamráðs

Fram kom í máli Vodafone að Síminn hefði óskað eftir verðbreytingum til hækkunar á FFER úr 1.729 kr./mín. í 1.854 kr./mín. Vodafone benti á að línugjald hjá smásölu Símans væri 1.590 kr./mín. Lægsta viðbót samkvæmt heimasíðu Símans væri 490 kr. fyrir þjónustuleiðina „Vinur“. Innifalið í þeirri leið væru 0 kr./mín. símtöl í eitt heimasímanúmer hjá Símanum og eitt símanúmer í útlöndum. Væru þessi tvö gjöld lögð saman mætti sjá að kostnaðurinn væri 2.080 kr./mín. sem ódýrasta verð í smásölu Símans fyrir heimasíma. Það væri mat Vodafone að verð fyrir FFER, sem væri heildsöluvara, ætti ekki og gæti ekki verið hærra en lægsta smásöluverð mínus 30%, þ.e. smásöluverð Símans að frádregnu því sem væri innifalið í þjónustuleiðinni (þ.e. gjaldfrjálstu símtölin).

Verðlagning líkt og Síminn setti fram fyrir FFER benti sterklega til þess að Skipti hf. beitti verðþrýstingi í heimasímaþjónustunni eða a.m.k. að Síminn væri að niðurgreiða heimasímaþjónustu sína. Þessu til stuðnings mætti benda á að væru innifalin símtöl metin á t.d. 300 kr. af þessum 2.080 kr. ætti FFER verðið aldrei að vera hærra en  $(100\% - 30\%)*(2.080 - 300)$ , þ.e. 1.246 kr./mín. Framangreindir útreikningar fælu í sér að línugjald

Mílu væri hærra en sú upphæð sem Vodafone legði gróft fram. Þrátt fyrir það sýndi niðurstaða útreikningsins að Skipti virtist verðleggja smásöluverð Símans undir kostnaðarverði. Sú háttsemi væri til þess fallin að þvinga fjarskiptafyrirtæki með heimasímaþjónustu til þess að fara undir kostnaðarverð á þeirri þjónustu til að geta verið í samkeppni við Símann. Á sama tíma væri línugjald Mílu mjög nálægt grunnheimasímaverði Símans í smásölu. Vodafone teldi afar mikilvægt að leysa framangreind verð frá portagjaldi Símans fyrir POTS port í sírstöð. Aðskilnaður á þeim verðum sýndi fram á raunverulegan viðbótarkostnað FFER við línugjald Mílu.

#### 4.4.4 Athugasemdir Símans við umsagnir Tals og Vodafone

Fram kom að Síminn hefði í júní sl. sent beiðni til PFS um hækkun á mánaðargjaldi fyrir aðgang að sírstöð í kjölfar þess að Míla hefði tilkynnt um fyrirhugaða hækkun á heimtaugum, sbr. ákvörðun PFS nr. 15/2013. Umræddar verðhækkningar kæmu því beinlínis til vegna verðhækkana frá Mílu sem PFS hefði samþykkt. Væri því eðlilegt að Síminn hefði heimild til þess að hækka verðlagningu hjá sér til að mæta umræddum hækkunum Mílu.

#### 4.4.5 Niðurstaða PFS

Gjaldskrá Símans fyrir „Fast forval – einn reikningur (FFER)“ byggir á ákvörðun PFS nr. 21/2011 varðandi kostnaðargreiningu Símans á heilsöluverðum fyrir aðgang að almennu talsímaneti. Fyrirhugaðar verðbreytingar Símans eru eingöngu vegna hækkunar á heimtaugleigu Mílu sem komu til framkvæmda þann 1. ágúst sl. í kjölfar samþykkis PFS þar að lútandi með ákvörðun nr. 15/2013, og eru í samræmi við forsendur sem framangreind kostnaðargreining byggir á. PFS samþykkir því að mánaðargjald fyrir aðgang að sírstöð (POTS pr. port í stöð) og neðra tíðnisviði heimtaugar hækki úr 1.331 kr. 1.477 kr., mánaðargjald fyrir aðgang að sírstöð (ISDN grunntenging pr. port í stöð) og neðra tíðnisviði heimtaugar hækki úr 1.512 kr. í 1.659 kr. og mánaðargjald fyrir aðgang að sírstöð (ISDN stofntenging, 30 rásir, innan sírstöðvar) hækki úr 7.967 kr. 8.835 kr.

PFS tekur að öðru leyti ekki afstöðu til athugasemda Vodafone þess efnis að Skiptasamstæðan beiti verðþrýstingi eða niðurgreiðslum í heimasímaþjónustu sinni, þar sem hegðun Skiptasamstæðunnar á smásölumarkaði er ekki til umfjöllunar í þessu máli.

### **4.5 Afslættir**

#### 4.5.1 Inngangur

Þá óskaði Síminn eftir að neðangreindur afsláttur yrði veittur á fyrstgreinda mánaðargjaldinu miðað við fjölda tenginga:

Fjöldi tenginga	Mánaðargjald með afslætti	Afsláttur
0-999	1.477/mán	0,0%
1.000-1.999	1.415/mán	5,0%
2.000-2.999	1.402/mán	6,0%
3.000-3.999	1.383/mán	7,5%
4.000-4.999	1.358/mán	9,5%
5.000 og fleiri	1.325/mán	12,2%

#### 4.5.2 Athugasemdir Tals í kjölfar innanlandssamráðs

Tal er fylgjandi auknum magnafslætti en telur hins vegar að boðaður magnafsláttur sé ekki nógu hár og fer fram á að hann verði hækkaður, verði fallist á boðaða hækkun á mánaðar- og tengigjaldi í FFER.

#### 4.5.3 Athugasemdir Vodafone í kjölfar innanlandssamráðs

Vodafone gerði athugasemd við ofangreinda afsláttartöflu og vísaði til þess að slíkir afslættir væru ekki þekktir með sambærilegum hætti á fjarskiptamarkaði. Afslættir hefðu verið viðhafðir varðandi binditíma. Afsláttur sem þessi mismunaði aðilum á markaði út frá stærð þeirra, þ.e. að smærri fyrirtæki þyrftu að kaupa þjónustu á hærra verði en stærri félög. Það væri mat Vodafone að félög ættu að sitja við sama borð hvað þessa þjónustu varðaði í FFER.

#### 4.5.4 Athugasemdir Símans við umsagnir Tals og Vodafone

Fram kom í athugasemdum Símans að samhliða breytingum á mánaðargjaldi hefði afsláttartöflu verið breytt, m.a. þannig að afsláttur félli til við færri tengingar en áður. PFS hefði óskað eftir upplýsingum um forsendur og útreikninga á umræddri afsláttartöflu. Mánaðargjald fyrir aðgang að símsstöð byggði á kostnaðargreindu verði fyrir aðgang að símsstöð Símans og heimtaugagjaldi Mílu. Á heimtaugagjald Mílu væri 20% álag vegna m.a. umsýslu með pantanir og innheimtuálag, sbr. neðangreint:

Aðgangleið	Nýtt verð Mílu	Kostn. til Símans	Álagning	Nýtt heildsöluverð
POTS (per port) í stöð	1.042 kr.	227 kr.	208 kr.	1.477 kr.
ISDN grunntenging	1.042 kr.	408 kr.	208 kr.	1.659 kr.
ISDN stofnt. og 30 rásir	4.527 kr.	3.427 kr.	905 kr.	8.835 kr.

Með auknum fjölda tenginga næðist fram hagræðing í umsýslu með pantanir sem gerði það kleift að lækka álagningu á heimtaugar Mílu. Í meðfylgjandi töflu væri útreikningur fyrir afslætti miðaður við ákveðinn fjölda tenginga. Síminn mótmælti því að magnafslættir mismunuðu og skertu hagsmuni minni aðila. Það væri vel þekkt og beinlínis viðurkennt að almennir magnafslættir hefðu jákvæð áhrif. Benti Síminn á að minni aðilinn, þ.e. Tal, væri jákvæður gagnvart þessu fyrirkomulagi sem styddi ekki fullyrðingar Vodafone um skerta stöðu á markaði.

Fjöldi tenginga	Nýtt verð frá Mílu	Álagning á heimtaug Mílu %	Álagning í kr.	Kostnaðargreind verð fyrir símsstöð	Heildsöluverð	Afsláttur
0-999	1.042	20%	208	227	1.477	0,0%
1.000-1.999	1.042	14%	146	227	1.415	5,0%
2.000-2.999	1.042	13%	133	227	1.402	6,0%
3.000-3.999	1.042	11%	114	227	1.383	7,5%
4.000-4.999	1.042	9%	89	227	1.358	9,5%
5000-	1.042	5%	56	227	1.325	12,2%

#### 4.5.5 Leiðrétt afsláttartafla frá Símanum

Með tölvupósti, dags. 23. september sl., benti PFS Símanum á að ekki væri samræmi á milli afsláttarprósenta og krónutalna í afsláttartöflunni. Stofnunin veitti Símanum færi á að leiðrétta hana. Með svári sem barst sama dag lítur afsláttartaflan svona út:

Fjöldi tenginga	Mánaðargjald með afslætti	Afsláttur
0-999	1.477 kr./mán	0,00%
1.000-1.999	1.415 kr./mán	4,20%
2.000-2.999	1.402 kr./mán	5,10%
3.000-3.999	1.383 kr./mán	6,40%
4.000-4.999	1.358 kr./mán	8,10%
5.000 og fleiri	1.325 kr./mán	10,30%

#### 4.5.6 Niðurstaða PFS

Forsendur gjaldskrár Símans komu fram í ákvörðun PFS nr. 21/2011 varðandi kostnaðargreiningu Símans á heildsöluverðum fyrir aðgang að almennu talsímaneti.

Í kostnaðargreiningunni var heildarverð fyrir POTS tengingu (per port á mán.) reiknað 1.331 kr. á mánuði, svo dæmi sé tekið. Framangreint verð á mánuði var samsett af leigu vegna heimtaugar (920 kr.), fjárfestingar- og rekstrarkostnaðar símsstöðva (227 kr./port) og kostnaði vegna umsýslu við veitingu og þjónustu á aðganginum (184 kr.). Til grundvallar umsýslugjaldi var beinn kostnaður vegna pantana og þjónustu, hlutdeild í húsnæðis-, skrifstofu- og launakostnaði, auk reikningagerðar og áhættu vegna viðskiptakrafna. Í framkvæmd var umsýslukostnaðurinn talin nema sem samsvaraði 20% álagi á heimtaugaleiguverð hverju sinni eða sem nam 14% af heildargjaldi á mánuði fyrri POTS tengingar.

Fyrirhuguð hækkun aðgangs í 1.477 kr. stafar af hækkun heimtaugaleigu úr 920 kr. í 1.042 kr., sem orsakar einnig hækkun umsýsluálagsins úr 184 kr. í 208 kr. sem enn nemur um 14% af heildarverði POTS aðgangs.

PFS telur hafið yfir vafa að hagræði felist í auknum fjölda tenginga hvað varðar heildarumsýslu vegna aðgangs að símsstöðvum Símans þar sem kostnaður við utanumhald aðgangs að kerfinu er að talsverðu leyti fastur kostnaður. PFS leggur áherslu á að með afslætti af umsýslukostnaði er verið að gefa afslátt vegna metins hagræðis samhliða

auknum fjölda tenginga, en ekki verið að gefa afslátt af kostnaðarverði símsstöðva eða heimtauga.

PFS telur kostnaðarmat vegna umsýslu við umræddan aðgang Símans málefnalegt miðað við kostnað við að veita og halda almennt utanum aðgang að kerfum félagsins, auk þess sem viðmið Símans um fjölda tenginga sé hófleg borið saman við heildarfjölda tenginga í kerfi Símans. Því samþykkir PFS tillögu Símans varðandi uppfærða töflu um magnafslátt tenginga.

## **4.6 Sérgreind verð fyrir heimtaugar Mílu og POTS hjá Símanum**

### 4.6.1 Athugasemdir Vodafone í kjölfar innanlandssamráðs

Fram kom í máli Vodafone að í viðmiðunartilboði Símans væri hvergi tilgreint verð fyrir POTS (pr. port í símsstöð) heldur væri það einungis sett fram sem hluti af verði fyrir FFER. Það væri mjög mikilvægt að aðskilja verð fyrir port frá línugjaldi þar sem slík breyting myndi hafa það í för með sér að fjarskiptafélög gætu keypt heimtaug í heildsölu af Mílu og port í heildsölu af Símanum. Vodafone teldi það vera til mikilla hagsbóta fyrir markaðinn að verð yrðu sett fram sérstaklega fyrir slíka þjónustu, sérstaklega í ljósi þess að það myndi auka möguleika fjarskiptafélaga til að lækka kostnað sinn við að veita umrædda þjónustu og þannig tryggja neytendum betri verð sem myndi skila sér í aukinni samkeppni á milli fjarskiptafélaganna.

### 4.6.2 Athugasemdir Símans við umsögn Vodafone

Fram kom í máli Símans að umfjöllun Vodafone um verðlagningu Símans, m.a. línugjald, væru að hluta til úreltar, framsetning tæki ekki mið af raunverulegri verðskrá, auk þess sem smásöluvarðlagningin hefði þegar verið afgreidd af Samkeppniseftirlitinu. Síminn benti á að línugjald Símans væri nú 1.690 kr. en ekki 1.590 kr. eins og Vodafone héldi fram. Þá væri ekki ókeypis að hringja í eitt númer erlendis, heldur væri veittur 50% afsláttur af slíku númeri. Af hverju símtali, hvort sem það væri í farsíma eða heimasíma, reiknaðist upphafsgjald að fjárhæð 9,9 kr. Mínútuverð væri síðan 3,9 kr. í heimasíma og 19,9 kr. í farsíma. Notkun á þjónustunni skilaði umtalsverðum tekjum. Væri miðað við línugjald á 1.690 kr. og mánaðarverð á ódýrustu leiðinni í talsíma væri verðið  $490 + 1.690 = 2.180$  kr., eða 1.737 kr. án VSK. FFER þjónustan kostaði hins vegar 1.378 kr. í dag án VSK. Því væri samásöluverð Símans um 26% hærra en heildsöluverð vegna FFER og því augljóslega ekki undir kostnaði. Þá væri ekki búið að taka tillit til tekna sem fylgdi notkun. Þá væri umrædd áskriftarleið ekki sú eina sem væri í boði hjá Símanum. Þá skildi Síminn ekki mat Vodafone á inniföldum símtölum enda engar útskýringar sem fylgdu því aðrar og því virtist sem um ágiskun væri að ræða.

Vodafone hefði gert kröfu um að Símanum yrði gert að aðskilja POTS og heimtaugargjald í verðskrá. Reyndar fælist krafa Vodafone í því að unnt væri að kaupa heimtaugina sérstaklega frá Mílu og portið af Símanum en ekki að verðlagningin væri sérstaklega aðgreind í verðskrá Símans. Síminn ætti og ræki símsstöðina en þar kæmi Míla

ekki nærri. Úthlutun á portum og rekstur á þeim væri á ábyrgð Símans. Með því að slíta heimtaugina og portið í sundur í þessum tilvikum myndi það auka flækjustig og kostnað við að veita þjónustuna. Að fenginni reynslu teldi Síminn að núverandi fyrirkomulag væri æskilegra og einfaldara. Bilanagreining væri mjög erfið og kostnaðarsöm fyrir alla aðila, einnig viðsemjenda Símans sem t.d. þyrftu að leita á tvo mismunandi staði við greiningu á vandamálum tengdri þjónustunni. Núverandi kostnaðargrunnur Símans við að veita þjónustuna myndi ekki lækka heldur líklega aukast vegna aukins flækjustigs. Síminn teldi því núverandi fyrirkomulag vera hagstæðast fyrir alla aðila. Sambærilegt fyrirkomulag hefði verið viðhaft vegna bitastraumstenginga. Á meðan Síminn hefði farið með þá þjónustu hefði ekki verið gerð krafa um að aðskilja bitastraumsgjald og heimtaugargjald. Þá væri einnig rétt að geta þess að PFS hefði raunverulega tekið efnislega afstöðu til þessa álítaefnis. Á bls. 20 í viðauka B vegna samráðs um markaði 1-6, dags. 5. desember 2008, hefði komið fram ástæðan fyrir því hvers vegna núverandi fyrirkomulag væri eins og raun bæri vitni. Þar segði:

„Þessi kvöð sem PFS hyggst leggja á Símann vegna viðskiptavina með fast forval er gerð sökum yfirgnæfandi stöðu Símans. Fyrirtæki myndi nýta sér þessa kvöð á svæðum þar sem ekki svarar kostnaði fyrir þau að fjárfesta í eigin símstöð. Þau eru því engu bættari með að fá uppsetta línu hjá Mílu ef engin er símstöðin til þess að tengja línuna við. Hér er ekki verið að tala um heimtaugaleigu heldur heildsölu á fullbúinni tengingu við talsímanetið. Vísað er til málsgreina 653 til 655 í drögunum þar sem tilgangur kvaðarinnar er rökstuddur. Síminn er með umtalsverða markaðshlutdeild á aðgangsmarkaði fastlínubjónustu og með gildandi kvaðir um forval og fast forval sem eru ekki nægilega skilvirkar. Samskipti smásölu Símans við viðskiptavini með fast forval til annarra þjónustuveitenda gegnum útsenda reikninga gerir samkeppnisstöðu þeirra ójafna. Þetta ójafna ástand mun ríkja nema aðgangur samkeppnisaðila Símans verði bættur með þessum hætti og fleiri aðilar treysti sér til að koma inn á þennan markað.“

Síminn teldi að fenginni reynstu að framangreind nálgun væri rétt, þ.e. heildsala Símans væri að selja fullbúna tengingu þar sem afurðin væri seld í einu lagi með þeim aðföngum sem þyrfti til að nota hana. Það að aðskilja aðföngin væri mun flóknara og væri ekki til þess fallið að draga úr kostnaði.

#### 4.6.3 Niðurstaða PFS

PFS áréttar að verð Símans fyrir aðgang að portum í símstöð er heildsöluverðskrá, sem breytist ekki þó að port og heimtaugar verði aðgreindar í gjaldskránni eins og Vodafone fer fram á. Jafnframt verður ekki séð að slík framkvæmd ein og sér leiði til lækkunar á heildargjöldum vegna aðgangs að símstöðvum Símans. Beinn kostnaður vegna veitingar aðgangs og þátttaka í óbeinum viðskiptakostnaði verður áfram að mestu sá sami hvort sem heimtaugin fylgir með eða ekki. Framangreint er nú innifalið í metnum kostnaði vegna umsýslu aðgangs, sem nemur um 14% af aðgangsverði fyrir POTS eins og áður segir.

PFS telur rétt að við næstu endurskoðun á kostnaðargreiningu vegna aðgangs að símstöðum Símans verði sérstakt mat lagt á hvort skipta eigi upp aðgangsverði í samræmi við álit Vodafone og samhliða hvort ástæða sé til að breyta aðferðarfræði við mat og útreikning vegna umsýslu aðgangs.

## **4.7 Lúkning farsímaumferðar**

### 4.7.1 Athugasemdir Vodafone í kjölfar innanlandssamráðs

Í samræmi við úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 6/2012 væri lúkningarverð frá og með 1. júlí 2013 4 kr./mín. en ekki 1,66 kr./mín. Vodafone teldi rétt að styðjast við umræddan úrskurð en hafa þó fyrirvara um að verðið myndi breytast til samræmis við þá lækun sem myndi eiga sér stað í framtíðinni.

### 4.7.2 Athugasemdir Símans við umsögn Vodafone

Fram kom í máli Símans að þegar félagið hefði sent inn beiðni til PFS um hækkun verðskrár þá hefði úrskurður vegna lúkningargjalda ekki legið fyrir. Myndi viðmiðunartilboðið því taka breytingum í samræmi við breytingar á ákvörðunum PFS.

### 4.7.3 Niðurstaða PFS

Þar sem verð fyrir lúkningu í farsímanetum ræðst af ákvörðun PFS hverju sinni, nema úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála eða dómstólar ógildi hana, ber Símanum að uppfæra umræddan lið í verðskrá umræddra viðmiðunartilboða um leið og slíkum lúkningarverðum er breytt af PFS, úrskurðarnefnd eða dómstólum. Síminn þarf ekki að óska eftir sérstöku samþykki PFS fyrir slíkri breytingu á meðan slík lúkningarverð eru undir kvöðum PFS.

## **4.8 Verð fyrir áframtengingu í 118**

### 4.8.1 Athugasemdir Vodafone í kjölfar innanlandssamráðs

Í ákvæði 2.11 í verðskrá Símans með viðmiðunartilboði um samtengingu talsímaneta væri fjallað um sérstök verð fyrir „áframtengingar í 118“. Vodafone velti fyrir sér hvaða forsendur Síminn hefði til að innheimta verð frá öðrum fjarskiptafyrirtækjum fyrir þessa þjónustu þar sem fyrirtækið Já upplýsingaveitur ehf. veitti umrædda þjónustu en ekki Síminn. Vodafone legði því til að þessi liður yrði tekinn út.

### 4.8.2 Athugasemdir Símans við umsögn Vodafone

Síminn taldi ekki ástæðu til þess að breyta umræddi atriði með nokkrum hætti. Þetta hlyti að byggjast á misskilningi hjá Vodafone, en raunverulegur kostnaður lægi á bak við þennan gjaldalið og því eðlilegt að viðsemjendur bæru kostnað við þá þjónustu sem þeir óskuðu eftir. Þegar símtal í 118 væri áframtengt mynduðust tveir leggir í símtalinu, þ.e. símtal færi tvisvar um skiptistöð Símans en ekki einu sinni eins og þegar um venjulegt símtal væri að ræða. Því væri eðlilegt að rukka herra gjald en þegar um almennt símtal væri að ræða.

### 4.8.3 Niðurstaða PFS

PFS gerir ekki athugasemd við framkvæmd Símans vegna innheimtu lúkningargjalda vegna áframtenginga símtala í 118 í kerfi sínu. Síminn er í þessu tilfalli eingöngu að



innheimta vegna kostnaðar af eigin kerfisrekstri, en þessi kostnaður er ekki innifalinn í verðskrá Já upplýsingaveitna ehf. fyrir áframtengingu símtala í 118. Gjaldskrá Símans fyrir áframtengingar í 118 er í samræmi við forsendur í kostnaðargreiningu sem núverandi heildsölugjaldskrá fyrir aðgang að almennu talsímaneti Símans byggir á.

#### **4.9 Lúkningarverð eða umflutningsverð í 118**

##### 4.9.1 Athugasemdir Vodafone í kjölfar innanlandssamráðs

Það er mat Vodafone að Síminn eigi ekki að innheimta lúkningarverð fyrir símtöl í 118 heldur umflutningsverð.

##### 4.9.2 Niðurstaða PFS

Um innheimtu Símans á lúkningargjaldi vegna símtala í 118 fer með eins og um hvert annað símtal í fastanet félagsins, en þessi kostnaður er ekki innifalinn í verðskrá Já upplýsingaveitna ehf. fyrir upplýsingaþjónustu í 118. Því er að mati PFS ekki ástæða til að bregðast sérstaklega við athugasemd Vodafone á þessu stigi.

#### **4.10 Birting verðskrár í viðmiðunartilboði um endursöluaðgang að talsímaneti**

##### 4.10.1 Inngangur

Fram kom í tilkynningu PFS varðandi framangreint innanlandssamráð að undanþegið samráðinu væri viðauki 1 (Verðskrá) í viðmiðunartilboði Símans um endursöluaðgang (að öðru leyti en varðandi þau verð og þá afsláttatöflu sem Síminn birti í umsókn sinni til PFS og grein hefur verið gerð fyrir hér að framan). Fram kom að ástæða þess að umræddur viðauki væri ekki birtur til samráðs að þessu sinni væri að Síminn teldi að umræddur kafli ætti að njóta trúnaðar vegna viðkvæmra viðskiptahagsmuna. Fram kom að PFS væri þessu ósammála og hefði í hyggju að mæla svo fyrir um í endanlegri ákvörðun í máli þessu að Símanum bæri að birta umræddan verðskrárkafla. PFS teldi það vera í samræmi við kvaðir þær sem lagðar hefðu verið á Símann með ákvörðun PFS nr. 36/2012 (markaðir 2 og 3).

##### 4.10.2 Athugasemdir Símans í kjölfar innanlandssamráðs

Síminn gerði þá kröfu að viðauki A (Verðskrá) yrði flokkaður sem trúnaðarupplýsingar í heild og þar með undanþeginn birtingu í samræmi við 1. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga. Þá yrði heimilt að afhenda aðeins þeim aðilum verðupplýsingarnar sem sýndu fram á með málefnalegum hætti að væru að hefja endursölu á talsíma. Með því væri heimilt að synja netrekendum um aðgang að viðaukanum en það blasti við að netrekendur hefðu enga málefnalega hagsmuni af því að fá aðgang að verðupplýsingum um þjónustu sem þeir hefðu enga þörf fyrir. Eini tilgangur netrekenda fyrir því að fá slíkar upplýsingar væri að fá vitneskju um verðlagningu þeirra aðila sem væru í endursölu. Síminn minnti á að í ákvörðun PFS nr. 36/2012 (M2 og M3) kæmi fram að þörf væri á að „tryggja hagsmuni endursöluaðila sem ekkert kerfi ætti og annarra aðila sem takmarkaða innviði ættu.“ Augljóst væri að birting kostnaðarverðs þessara aðila næði ekki þessu markmiði enda væri endursöluleiðin ætluð fyrir þá aðila sem hefðu ekki yfir eigin neti að ráða. Það væru

miklir hagsmunir í húfi fyrir endursöluaðila að halda kostnaðargrunni sínum leyndum frá öðrum netrekendum. Umræddur viðauki fæli í sér trúnaðarupplýsingar um viðskipti milli heildsölu Símans og þess aðila sem keypti þjónustu Símans og bæri því að njóta trúnaðar.

Því væri það af samkeppnislegum ástæðum mikilvægt að keppinautar hefðu ekki nákvæmar upplýsingar um kostnaðargrunn annarra markaðsaðila, sérstaklega þessara endursöluaðila. Lykilatriði í samkeppnismálum væri að reyna eftir fremsta megni að halda viðskiptalegum upplýsingum um kostnaðargrunn leyndum einmitt í því markmiði að skapa óvissu um verðgrunn og þannig auka samkeppni á smásölustigi. Jafnvel þótt verðlagning væri eins hjá öllum aðilum þá gæti falist ákveðið vandamál í því að allir keppinautar sem keyptu ákveðna þjónustu vissu að aðrir aðilar á markaðnum stæðu frammi fyrir sama kostnaði. Það gæti haft í för með sér kælingu á samkeppni. Óvissan leiddi til þess að fyrirtæki tækju aukna áhættu hvað varðaði lækkun verðlagningar. Kostnaðargrunnur netrekenda, t.d. Vodafone, væri oft á tíðum trúnaðarmál og því setti birting kostnaðar gagnvart endursöluaðilum slíka aðila í lakari stöðu á markaði.

Ákveðnar aðstæður gætu leitt til þess að fyrirtæki á markaðnum gætu dregið úr samkeppni án þess að slíkt fæli í sér brot á samkeppnislögum og gagnsæi í verðlagningu. Það væri því forsenda fyrir aukinni verðsamkeppni að upplýsingum um heildsöluverð til smærri aðila væri haldið leyndum. Síminn gæti sent alla samninga til PFS og þannig gæti stofnunin staðfest og fylgt því eftir að ekki væri verið að mismuna markaðsaðilum. Væri sú nálgun í samræmi við meðalhófsreglu enda fæli birting í sér að gengið væri lengra en nauðsynlegt þætti til þess að tryggja jafnræði í viðskiptum. Væri birting verðupplýsinga og uppbyggingar umrædds viðauka því brot gegn meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga.

Tilgangur með endursölufyrirkomulagi væri að bjóða þeim sem ekki hefðu eigin net möguleika á að selja talsímaþjónustu. Því þjónaði það engum öðrum tilgangi að birta verðupplýsingar og þar með kostnaðargrunn endursöluaðila en að aðstoða þá aðila sem hefðu eigin net að undirbjóða endursöluaðila og þar með gera slíkt fyrirkomulag vonlaust samkeppnislega. Með þessu væri samkeppnisleg staða endursöluaðila skert og dregið úr getu nýrra aðila að ná fótfestu á markaðnum nema þau starfræktu eigin net. Því til viðbótar yrðu viðskiptalegar forsendur fyrir endursöluáðgangi skertar og jafnvel að engu. Markmið PFS gæti varla verið að auðvelda stærri netrekendum að keppa við smærri og/eða nýja aðila á markaðnum. Gæti þetta valdið aðgangshindrunum í andstöðu við markmið samkeppnislaga.

Með því að opinbera verðlagningu til endursöluaðila væri sú fjárfesting og kostnaður sem hefði fallið til hjá Símanum við að gera þessa þjónustu mögulega að engu gerð og yrði sjálfhætt með tímanum. Síminn tryði ekki að vilji PFS stæði til slíks. Samkvæmt 29. gr. fjarskiptalaga gæti PFS veitt heimild til þess að tiltekna upplýsingar yrðu ekki birtar ef þær vörðuðu mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sem sanngjarnt og eðlilegt væri að leynt færu. Síminn teldi engan vafa leika á því að opinber birting verðupplýsinga vegna endursölu að talsíma vörðuðu mikilvæga hagsmuni. Síminn teldi eðlilegt að sérstaklega yrði óskað eftir álitum þeirra sem hefðu mesta hagsmuni að gæta, t.d. núverandi endursöluaðilar. Opinber birting hefði verulega skaðlegar afleiðingar í för með sér fyrir rekstur slíkra aðila.

Teldi PFS þörf á því að birta viðaukann áskildi Síminn sér rétt til þess að gera sérstaka kröfu um að tilteknar og afmarkaðar upplýsingar yrðu undanskildar birtingu.

#### 4.10.3 Athugasemdir Tals í kjölfar innanlandssamráðs

Tal gerði alvarlegar athugasemdir við það að Síminn legði ekki fram verðskrá með viðmiðunartilboði um endursöluaðgang. Verðskráin væri einn mikilvægasti þátturinn í viðmiðunartilboðinu og því yrði ekki við það unað að hann væri ekki lagður fram til samráðs eins og aðrir þættir viðmiðunartilboðsins.

#### 4.10.4 Athugasemdir Vodafone í kjölfar innanlandssamráðs

Í máli Vodafone kom fram að þann 18. mars sl. hefði Vodafone, í athugasemdum sínum við viðmiðunartilboð Símans um samtengingu talsímaneta (RIO), óskað eftir því að Síminn birti verð fyrir þá talsímaþjónustu sem Tal keypti af Símanum í heildsölu. Síminn hefði hafnað að birta umrædd verð þar sem slík upplýsingagjöf ætti að mati félagsins ekki heima í umræddu viðmiðunartilboði, ásamt því sem mikilvægt væri að tryggja samkeppni á markaði með því að halda upplýsingum leyndum. Nú væru til umfjöllunar breytingar á viðmiðunartilboði Símans um endursöluaðgang að talsímaþjónustu félagsins. Það væri mat Vodafone að birting á verðum fyrir talsímaþjónustur ætti hvergi betur heima en í viðmiðunartilboði þessu. Óskaði Vodafone eftir því að Síminn gæfi upp öll verð á þeim þjónustum sem væru í boði hjá heildsölu Símans á grundvelli þeirra kvaða sem á félaginu hvíldu.

Vodafone benti á að verð fyrir þá þjónustu sem Tal keypti hjá Símanum væri ekki uppgefið af Símanum, þrátt fyrir beiðnir Vodafone, og hefði Síminn gefið það út að svo yrði áfram til að tryggja samkeppnissjónarmið. Það væri mat Vodafone að samkeppnin væri betur tryggð með upplýsingum sem þessum. Vodafone væri viðskiptavinur heildsölu Símans og það ætti því að vera hagur Símans að gefa upp verð á þeim þjónustum sem í boði væru hjá félaginu í þeirri von að Vodafone nýtti sér umræddar þjónustur. Óskaði Vodafone eftir að þau verð sem ekki hefðu verið birt fyrir þjónustur í talsíma yrðu birt öllum aðilum á markaði.

#### 4.10.5 Athugasemdir Símans við umsagnir Tals og Vodafone

Síminn vísaði til fyrri athugasemda sinna varðandi sjónarmið um trúnað vegna verðskrár fyrir endursölu. Það væri bersýnilegt af bréfi Vodafone að eini tilgangur félagsins með því að fá aðgang að verðskránni væri til þess að fá upplýsingar um kjör þau sem Tal hefði hjá Símanum. Það gæti ekki talist vera málefnaleg sjónarmið. Varðandi athugasemdir Tals þá hlyti félagið að misskilja ástæðu þess að þessi þáttur í viðmiðunartilboðinu væri ekki birtur. Síminn drægi það verulega í efa að Tal óskaði eftir því að upplýsa Vodafone um þau kjör sem félagið hefði hjá Símanum.

#### 4.10.6 Niðurstaða PFS

Með ákvörðun PFS nr. 36/2012 var Síminn útnefndur með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumörkuðum fyrir upphaf og lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum (markaðir 2 og 3), ásamt því sem viðeigandi kvaðir voru lagðar á félagið.

Með heimild í 28. gr. fjarskiptalaga lagði PFS þá kvöð á Símann að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að neti og þjónustu fyrir upphaf símtala í fastaneti á heildsölustigi. Sérstaklega var tekið fram að kvöðin næði ennfremur til endursöluaðgangs, væri eftirspurn eftir slíkum aðgangsformi. Ljóst er að Síminn veitir Tali slíkan endursöluaðgang í dag og ber því að veita öðrum áhugasömum slíka aðgangþjónustu, burstséð frá því hvort aðgangsbeiðandi á ekkert talsímanet, takmarkað talsímanet eða jafnvel fullburða talsímanet. Aðgangskvöðin er því ekki bundin við veita aðilum sem ekki reka eigið talsímanet endursöluaðgang eins og Síminn virðist halda fram.

Þá lagði PFS þá kvöð á Símann að gæta jafnræðis bæði hvað varðar verð og aðra þætti, bæði gagnvart ytri starfsemi og á milli innri starfsemi og ytri starfsemi. Jafnræðiskvöðin skyldi m.a. gilda gagnvart endursöluaðgangi að talsímakerfi Símans. Ennfremur lagði PFS kvöð á Símann um kostnaðarviðmiðun gjaldskrár félagsins, m.a. að því er varðar endursöluaðgang.

Sú kvöð sem mestu máli skiptir hér er hins vegar gagnsæiskvöðin. Þar lagði PFS kvöð á Símann um gagnsæi og birtingu viðmiðunartilboðs um samtengingu talsímaneta, skilmála og skilyrði fyrir afhendingu og notkun, ásamt *verðskrá*m fyrir heildsölu talsímaþjónustu. Sérstaklega kom fram að gerði Síminn samning við fjarskiptafyrirtæki um aðgang að fastaneti sínu, þ.m.t. endursöluaðgang, skyldi Síminn birta sambærilegt viðmiðunartilboð um slíkan aðgang eigi síðar en 3 mánuðum eftir undirritun samnings. Í kafla 2.3 í ofangreindri ákvörðun PFS er upptalning á atriðum sem fram skulu koma í viðmiðunartilboðum Símans á sviði talsímaþjónustu, þ.m.t. viðmiðunartilboði um endursöluaðgang að talsímaneti. Þar kemur m.a. fram að þar skuli birta upplýsingar um verð og afslætti.

Af ofangreindu virtu er alveg ljóst að PFS lagði með umræddri ákvörðun þá kvöð á Símann að birta opinlega viðmiðunartilboð um endursöluaðgang að talsímaneti félagsins, þ.m.t. verðskrá. Ofangreind gagnsæiskvöð byggist á 29. gr. fjarskiptalaga. Þar er ennfremur kveðið á um að heimilt sé að veita undanþágu frá birtingu upplýsinga ef fjarskiptafyrirtæki getur sýnt fram á að þær varði mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari. Ennfremur er ljóst að slík undanþága var ekki veitt með umræddri ákvörðun, sem var ekki kærð, hvorki af hálfu Símans né annarra fjarskiptafyrirtækja.

Í máli því sem hér er til umfjöllunar hefur Símanum með engum hætti tekist að sýna fram á að umrætt undanþáguákvæði 29. gr. fjarskiptalaga eigi við nú. Síminn leggur mikið upp úr því að minni aðilar á talsíma markaði, m.a. Tal, geti skaðast vegna birtingar slíkra upplýsinga. Tal tekur alls ekki undir þessar áhyggjur Símans og telur reyndar að mjög mikilvægt sé að Síminn birti verðskrá sína varðandi endursöluaðgang. Þá er ljóst að aðili eins og Vodafone hefur ríka hagsmuni af því að sjá hvaða verð eru í boði fyrir hinar ýmsu

tegundir heildsöluaðgangs að talsímaneti Símans. Vel mál vera að endursöluaðgangur myndi nýtast Vodafone best á tilteknum svæðum.

Síminn vísar ennfremur til almennra samkeppnissjónarmiða. Þeir fjarskiptamarkaðir sem hér eru til umfjöllunar eru því marki brenndir að Síminn hefur á þeim yfirburðastöðu. Kvöðum þeim sem PFS lagði á Símann er ætlað að jafna aðstöðu samkeppnisaðila Símans. Almenn samkeppnissjónarmið eiga því ekki við varðandi það atriði sem hér er til umfjöllunar. Það er því mikilvægt til að efla samkeppni á umræddum markaði að Síminn birti opinberlega viðmiðunartilboð um endursöluaðgang, þ.m.t. verðskrá. Það var því í samræmi við meðalhóf að leggja umrædda kvöð á Símann með framangreindri ákvörðun miðað við þau samkeppnisvandamál sem PFS hafði greint. Það mat á ennþá við í dag.

#### **4.11 Gildistaka breytinga á viðmiðunartilboðunum**

##### 4.11.1 Inngangur

Eins og fram kemur hér að framan barst PFS þann 27. júní sl. tilkynning frá Símanum um drög að uppfærðum viðmiðunartilboðum um endursöluaðgang að talsímaneti annars vegar og um samtengingu talsímaneta (RIO) hins vegar. Fram kom að miðað væri við að hin uppfærðu viðmiðunartilboð tækju gildi þann 1. september 2013 og myndi Síminn senda tilkynningu til viðsemjenda þar að lútandi, með fyrirvara um samþykki PFS.

Í tilkynningu PFS um innanlandssamráð, dags. 28. júní sl., kom fram að PFS hefði í hyggju að mæla fyrir um að breytingarnar tækju gildi 1. október 2013 en ekki 1. september eins og Síminn hefði lagt til.

##### 4.11.2 Athugasemdir Tals í kjölfar innanlandssamráðs

Í athugasemdum Tal kom fram að félagið styddi fyrirhuguð fyrirmæli PFS um að breytingarnar tækju gildi 1. október nk.

##### 4.11.3 Niðurstaða PFS

Eins og fram kemur í kafla 3.4 hér að framan gerir gagnsæiskvöð sú sem PFS lagði á Símann með ákvörðun nr. 36/2012 (markaðir 2 og 3) ráð fyrir að Símanum beri að tilkynna öðrum fjarskiptafyrirtækjum fyrirfram um allar breytingar á viðmiðunartilboði með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Þó væri heimilt að tilkynna um breytingar á verði eigi síðar en tveimur mánuðum áður en breytingarnar kæmu til framkvæmda. PFS lítur svo á að fyrirætlanir Símans hafi orðið fjarskiptafyrirtækjum kunnar eigi síðar en 28. júní sl. þegar PFS birti frétt um innanlandssamráðið, sem meðal annars hafði að geyma upplýsingar um þær breytingar sem Síminn óskaði eftir að PFS samþykkti.

Sú dagsetning sem Síminn lagði til varðandi gildistöku breytinganna, þ.e. 1. september sl., var því ekki í samræmi við ofangreint nema að því er varðar verðbreytingar. Hins vegar er einnig tekið fram í ofangreindri gagnsæiskvöð að breytingar á viðmiðunartilboði taki ekki gildi fyrr en þær hafa hlotið samþykki PFS. PFS lítur svo á að slíkt samþykki geti ekki komið til fyrr en við endanlega ákvörðun í málinu. Þar sem vinnsla málsins hófst rétt fyrir megin sumarleyfistíma ársins, efna þurfti til innanlandssamráðs, gefa

Símanum tvívegis færi á að tjá sig um umsagnir hagsmunaaðila og efna til samráðs við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og önnur fjarskiptaeftirlitsstjórnvöld á EES-svæðinu, hefur málið tafist umfram það sem PFS bjóst við er efnt var til innanlandssamráðs í lok júní sl. Því er ljóst að breytingar þær sem samþykktar verða með ákvörðun þessari geta ekki tekið gildi þann 1. október eins og PFS hafði vonast eftir.

Að ofangreindu virtu taka breytingar þær sem kveðið er á um á viðmiðunartilboðum Símans um endursöluaðgang að talsímaneti annars vegar og samtengingu talsímaneta hins vegar gildi frá og með 1. degi næsta mánaðar eftir að ákvörðun er birt, að öðru leyti en því að breyting á skilgreiningu á verulegri vanefnd skal eigi taka gildi fyrir en frá og með 1. janúar 2014.

#### **4.12 Árleg endurskoðun á heildsölugjaldskrá Símans fyrir forval, fast forval og FFER**

Eins og fram kemur í kafla 2.8 hér að framan er það álit ESA að PFS þurfi að kveða með skýrari hætti á um endurskoðun á heildsölugjaldskrá Símans fyrir forval, fast forval og FFER, til að tryggja jafnvægi við endurheimt kostnaðar og stuðla að skýrri, gagnsærri og fyrirsjáanlegri skipan. Sú framkvæmd PFS, að kveða ekki skýrt á um reglubundna endurskoðun kostnaðargreininga Símans, gæti að mati ESA haft neikvæð áhrif á samkeppni, fjárfestingar og nýsköpun.

Eins og fram hefur komið hér að framan hefur PFS í hyggju að hefja endurskoðun á umræddri heildsölugjaldskrá Símans í upphafi ársins 2014 og ljúka henni með ákvörðun á fyrri helmingi þess árs. Til að tryggja betur fyrirsjáanleika að þessu leyti mun PFS endurskoða umrædda kostnaðargreiningu Símans árlega þaðan í frá á líftíma markaðsgreiningar þeirrar sem kveðið var á um í ákvörðun PFS nr. 8/2013 (markaður 1).

#### *Ákvörðunarorð*

**Síminn skal breyta ákvæði 1.4 í viðmiðunartilboði félagsins um samtengingu talsímaneta þannig að tilkynningarfrestur varðandi breytingar á almennum skilmálum viðmiðunartilboðsins sé 3 mánuðir en 2 mánuðir varðandi verðbreytingar. Sambærilegt ákvæði skal tekið upp í viðmiðunartilboði Símans um endursöluaðgang að talsímanetum.**

**Síminn skal breyta ákvæði 3.7 í viðmiðunartilboði um endursöluaðgang að talsímaneti Símans er fjallar um breytingar á samningnum til samræmis við ákvæði 12 í viðmiðunartilboði um samtengingu talsímaneta um sama efni, þannig að báðir aðilar að samningnum geti óskað eftir breytingar á honum og þar með á viðmiðunartilboðinu.**

**Ákvæði 6.2.1 í viðmiðunartilboði um endursöluaðgang að talsímaneti og 6.1.1 í viðmiðunartilboði um samtengingu talsímaneta skal því hljóða svo að veruleg**

vanskil teljist ávallt veruleg vanefnd ef þau hafa staðið í meira en 2 mánuði frá eindaga. Breyting þessi tekur þó ekki gildi fyrr en frá og með 1. janúar 2014.

PFS samþykkir þá verðhækkun sem Síminn óskaði eftir varðandi þjónustuflokkinn „Fast forval – einn reikningur“ sem og þau afsláttarkjör sem Síminn lagði til.

Þar sem verð fyrir lúkningu í farsímanetum ræðst af ákvörðun PFS hverju sinni, nema úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála eða dómstólar ógildi þá ákvörðun, ber Símanum að uppfæra umræddan lið í verðskrá umræddra viðmiðunartilboða um leið og slíkar breytingar á lúkningarverðum taka gildi að frumkvæði PFS, úrskurðarnefndar eða dómstóla. Ekki þarf sérstakt samþykki PFS fyrir slíkri breytingu á meðan slík lúkningarverð eru undir kvöðum PFS.

Síminn skal birta viðauka 1 (Verðskrá) opinberlega með viðmiðunartilboði um endursöluaðgang að talsímaneti félagsins.

Að svo stöddu telur PFS ekki ástæðu til að fallast á þá kröfu Vodafone að verð fyrir heimtaugar hjá Mílu og POTS hjá Símanum verði sérgerind. PFS telur hins vegar rétt að við næstu endurskoðun á kostnaðargreiningu vegna aðgangs að símsstöðum Símans verði sérstakt mat lagt á hvort skipta eigi upp aðgangsverði í samræmi við kröfu Vodafone og samhliða hvort ástæða sé til að breyta aðferðarfræði við mat og útreikning vegna umsýslu aðgangs.

PFS gerir ekki athugasemd við verð Símans fyrir áframtingingar í 118 né við framkvæmd félagsins vegna innheimtu lúkningargjalda vegna áframtinginga í 118.

PFS hafnar kröfu Vodafone um að umflutningsgjöld skuli gilda um 118 en ekki lúkningargjöld.

Breytingar þær sem hér er kveðið á um á viðmiðunartilboðum Símans um endursöluaðgang að talsímaneti annars vegar og samtengingu talsímaneta hins vegar skulu taka gildi frá og með 1. degi næsta mánaðar eftir að ákvörðun er birt. Breyting á skilgreiningu á verulegum vanskilum tekur þó eigi gildi fyrr en frá og með 1. janúar 2014.

Síminn skal uppfæra kostnaðargreiningu sína á markaði fyrir aðgang að fasta almenna talsímanetinu fyrir heimili og fyrirtæki (markaður 1) árlega á gildistíma ákvörðunar PFS nr. 8/2013.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

*Reykjavík, 31. október 2013*

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Óskar H. Ragnarsson

Fylgiskjöl:

Viðauki A – Álit ESA